

Eyjafjörður

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags í landi Ytri-Bakka og Arnarness

á Hjalteyri í Hörgársveit



Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Janúar 2018

EFNISYFIRLIT

| | |
|--|----|
| INNGANGUR..... | 3 |
| FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR..... | 3 |
| AÐFERÐ VIÐ SKRÁNINGU | 5 |
| SKRÁNINGARSVÆÐIÐ..... | 7 |
| SÖGULEGAR HEIMILDIR..... | 8 |
| SKRÁNING FORNLEIFA | 10 |
| NIÐURSTÖÐUR | 30 |
| SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM..... | 33 |
| UPPDRÆTTIR..... | 36 |
| HEIMILDASKRÁ: | 38 |

INNGANGUR

Fornleifaskráning á Hjalteyri í landi Ytri-Bakka og Arnarness, Arnarneshreppi í Hörgársveit. Forkönnunn á fornleifum var gerð 7.apríl 2017 og aðalskráning 8. október 2017. Skráningarnar voru gerðar að beiðni Vigfúsar Björnssonar byggingarfulltrúa Hörgársveitar vegna deiliskipulags á afmörkuðu svæði á Hjalteyri.

Katrín Gunnarsdóttir fornleifræðingur MA sá um skráningu og uppmælingu á vettvangi, ásamt myndatöku og skýrslugerð.

Skráðar voru 15 minjar á deiliskipulagssvæðinu.

FORNLEIFAR OG TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR

Með fornleifaskráningu er hægt að fá heildarsýn yfir minjar og gildi þeirra til varðveislu vegna framkvæmda af mannavöldum eða að náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt.

Lög um menningarminjar.

Í 1. grein minjalaga segir svo:

Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir fönngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.

Í 3. grein minjalag er gerður greinarunur á forngrípum og fornleifum sem eru greindar eftirfrandi:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir,

ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
e. virki og skansar og 3

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Í 6. grein minjalaga segir um rannsóknir á fornleifum:

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðrasks og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum.

Í 16. gr. Segir um *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda*. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum. Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Í 24 greins segir um: *Áður ókunnar fornminjar*.

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagsektum í því skyni, sbr. 55.gr. 1, 2

¹ Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1 Lög nr. 80 29. júní 2012.2

² Lög nr. 80 29. júní 2012.

ADFERÐ VIÐ SKRÁNINGU

Áður en að hin eiginlega fornleifaskráning hefst er farið í gegnum þær heimildir sem eru aðgengilegar, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur, byggðasögur og túnakort. Þá eru einnig skoðaðar loftmyndir af viðkomandi svæði sem geta gefið upplýsingar um minjar. Þá er rætt við staðkunnuga ef hægt er að koma því við.

Vinna á vettvangi felst í því að að ganga svæðið, skoða og skrá hvar minjar eru staðsettar eða hafa verið staðsettar samkvæmt heimildum. Skráningin felst í að lýsa viðkomandi fornleif, hún er mæld og ljósmynduð.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra, ásamt verkefnisnúmeri.

Í skýrslunni fá staðsettar fornleifar verkefnisnúmer Minjastofnunar Íslands sem er tilvísun í kortagrunn stofnunarinnar, og er númerið **1912**. Að auki er hlaupandi númer innan verkefnisins.

Minjar sem eru skráðar við þessa fornleifaskráningu eru í landi Ytri-Bakka og Arnarness á Hjalteyri í Hörgársveit.

Þar sem fornleifaskráning hefur áður farið fram í í landi Ytri- Bakka og Arnarness á Hjalteyri eru númerin úr þeirri skýrslu látin fylgja viðkomandi fornleif eins og hún hefur verið skráð áður.

Skráðar minjar sem eru í landi Ytri-Bakka hafa auðkennið 072 samkvæmt jarðatali Johnsens 1847. Síðan bætast síðan við hlaupandi númer í aftari töluna eftir þörfum og er þá fyrsta númerið Ey-072:001. Það sama gildir um skráningu í landi Arnarness þar eru minjar skráðar - Ey-074 og fá síðan hlaupandi númer.

Við fornleifaskráninguna er reynt að leggja mat á hvaða tegund minja er um að ræða, eins og hýbýli manna, útihús, eða nöfn staðhátta í landinu sem gefa vísbendingu, svo sem eyktarmörk. Þá er athugað hversu vel viðkomandi minjar eru varðveittar, og hversu mikilli hættu þær eru í vegna verklegra framkvæmda, jarðræktar eða landrofs. Við mat þetta eru notaðir skráningarstuðlar Minjastofunar Íslands, sem er að finna á vef stofnunarinnar.

Reynt er að leggja áætlað mat á aldur minjanna, þá eru þær metnar eftir ástandi, útliti og gróðurfari í og við þær. Ef heimildir eru um aldur minjanna er þess sérstaklega getið.

Minjar voru staðsettar á vettvangi með GPS tæki Trimbel Juno St. og tæki Minjastofnunnar: Trimble Pro Xrs.

Staðsetning minja er gefin upp í ísnetshnitum ISN 93.

SKRÁNINGARSVÆÐIÐ

Deiliskipulagið sem er að hluta til landi Ytri- Bakka og Arnarness, Arnarneshreppi, Hörgársveit í Eyjafirði er unnið af Teiknistofu Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Arkitektar faí, Akureyri að beiðni Hörgársveitar.

Skipulagslýsing:

Deiliskipulag Hjalteyrar
nóvember 2015

2.2 STADHÆTTIR

Skipulagssvæðið nær frá sjávarmáli og upp í 75 m.y.s. Landslagið markast af 15 til 30 m hárra brattri brekku. Undir brekkunni skagar flatlend eyri út í fjörðinn en á henni er tjörn innan við malargranda. Í brekkurótinni og á eyrinni standa elstu húsin í þorpinu en uppi á brekkunni er byggð frá miðbiki síðustu aldar. Utar á eyrinni er gamla síldarverksmiðjan, byggð 1937, en hún hýsir í dag ýmsa athafnastarfsemi og sýningarsal fyrir listviðburði. Richardshús, reisulegt íbúðarhús, stendur nyrst á brekkubrúninni. Var það byggt fyrir framkvæmdastjóra Kveldúlfs, Richard Thors. Einnig var annað glæsihús, Ásgarður, byggt fyrir verksmiðjustjóran, Pétur Jónsson. Stendur það stakt fremst á brekkubrúninni.

2.3.2 DEILISKIPULAG

Unnið var deiliskipulag íbúðarsvæðis á Hjalteyri sem samþykkt var í sveitarstjórn í ágúst 2010 en skipulagið tók ekki lögformlegt gildi. Einnig var unnin breyting á fyrra skipulagi þar sem stórar einbýlishúsalóðir voru felldar út og lóðir fyrir verbúðir austan núverandi verbúða felldar út. Skipulagsbreytingin er ekki heldur í gildi en hún var samþykkt í sveitarstjórn bls. 4, 7.¹

¹ Teiknistofu Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Arkitektar faí,

SÖGULEGAR HEIMILDIR

Fornleifastofnun Íslands vann fornleifaskráning í Arnarneshreppi 2008. Þar var m.a. skráð land Ytri Bakka og Arnarness, en deiliskipulagið liggur að hluta til í landi þessara bæja.

Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)

Höfundar efnis Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson Sólveig

Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS377-06251 Reykjavík 2008.

Ytri-Bakki= Ey - 072 bls. 93-110. Ey-072:001-074: 058

Arnarnes = Ey - 074 bls. 117-130 . Ey-074:001- 074:045 ²

Syðri hluti Hjalteyrar er byggður úr landi Ytri-Bakka.

Ytri- Bakki átti Hjalteyri móti Arnarnesi. Sögur eru til um Friðrik Jónsson frá Bakka er gerði út þilskip til hákarlaveiða fyrstur manna frá Norðurlandi í lok 19. aldar.

1930. Hjalteyri tilheyrði Bakka til 1930 er Kveldúlfur eignaðist Hjalteyri 1932 til að byggja þar upp verksmiðjur sínar. Faðir Jóns keypti þá Ytri- Bakka af hreppnum. Mh. JPB, 2006. ³

Ytri-Bakki.

Jarðabók 1712 þá er jörðin metin 20 hdr. Eign Möðruvallaklausturs

Að sögn heimildarmanns segir: “Syðri hluti Hjalteyrar er byggður úr landi Ytri-Bakka. Ytri- Bakki átti Hjalteyri móti Arnarnesi. Sögur eru til um Friðrik Jónsson frá Bakka er gerði út þilskip til hákarlaveiða fyrstur manna frá Norðurlandi í lok 19. aldar.

Hjalteyri tilheyrði Bakka til 1930 er Kveldúlfur eignaðist Hjalteyri 1932 til að byggja þar upp verksmiðjur sínar. Faðir Jóns keypti þá Ytri- Bakka af hreppnum.”Mh. JPB, 2006.⁴

1712: "Hinn annar peningur fóðrast á tilfengnum heyjum og útigangi.

Uppresktur á Þorvaldsdal fyrir toll. Til sjóar á jörð þessi i hluta, so sem um finst skrfað hjá jörðinni Bragholti, frammkemur að jörð þessi eigi engjateig nokkurn í

² *Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I 2008*

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)

³ JPB, 2006

⁴ Mh. JPB, 2006

Bragholts jörðu. Torfrista er hjer mjög lök, þó hafa ábúendur hjer til við hana bjargast. Vatnsból er hjer mjög þrotlegt um vetur." ⁵

1847 Jarðatal J. Johnsens: Eign Möðruvallarklausturs. Dýrleiki: 20/100.

Landskuld: 1.40: Kúgildi: 2½. Ábúandi: 1 leiguliði.⁶

17 Túnakort: 4,5 ha. 3/5 slétt. Sáðreitir 870 m².⁷

Arnarnes

Eign Möðruvallaklausturs. Getið í Landnámu. Hámundur Heljarskinn gaf Erni frænda sínum jörðina til búsetu.⁸

Einnig getið í Guðmundar sögu Dýra.

1430: Í próventubræfi kemur fram að Oddi Þorsteinsson og Guðríður Þorgeirsdóttir hafi gefið Arnarnes með sér í próventu að Möðruvöllum, ásamt 50 kúgildum.⁹

1431: "hefer sira berdor brot fra anarnæsi [ornamenti til kirkju á Tjörn]." [Tjarnar].¹⁰

1461: "Möðruvalla klaustrs Maldage [...] heytollur oc liostollur af. xvj. bium. lig(g)ur til arnarnes." Máld 33 hdr..¹¹

1712. "Hjer hefur að forngildu bænhús verið, og að menn meina heimamanna gröftur. Líka voru hjer tíðir veittar, nær fólk var til sacramentis, inn til þess árs 1700," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns.¹²

1847 Johnsen Jarðatal. Eign Möðruvallaklausturs. Dýrleiki 331/3. Landskuld 1.60. Kúgildi 3. Ábúandi 1

Í skýringum: 1802 er eyðihjáleigan Skógarbrekka talin með. Rentuk. br. 23, apríl 1785 skipar að bæta amtmanni Thorarensen, sem hafði

Möðruvallaklaustur til umboðs, það sem frá gengi fyrir afgjald af Arnarnesi. (9rd. 18sk.) sem lagt var lækni í Norðurf.fjórðungi til frjálsar brúkunar. Smbr. 304.¹³

1917 Túnakort: 6,8 ha. 5/6 slétt. Sáðreitir 3200 m².¹⁴

⁵ JÁM X, 123.

⁶ Jarðatal J. Johnsens, 288

⁷ Túnakort 1917

⁸ ÍF I, 254-255, 157

⁹ DI IV, 427-428

¹⁰ DI IV, 464-465

¹¹ DI V, 290

¹² JÁM X, 123

¹³ Johnsen Jarðatal.288.

¹⁴ Túnakort 1917

SKRÁNING FORNLEIFA

Fornleifaskráning 2017:



Mynd 1. Horft til vesturs að matjurtagarðinum í brekkunni.

| | |
|---------------------------|--|
| Hjalteyri | 1912- 001 |
| Hlutverk: | Matjurtagarður |
| Tegund: | Garðlag |
| Aldur: | 1900 |
| Isnet hnit: | X = 536569.83 Y = 594969.02 |
| Ástand: | Vel greinilegar fornleifar |
| Hættumat: | Lítill hætta |
| Staðhættir: | Garðurinn er fyrir ofan húsin Systrakot og Sigurðarkot sem standa við neðstu götuna sem liggur í norður út úr Hjalteyrarveginum. Gatan er fyrir ofan sléttlendið að sjávamálinu á Hjalteyri. Matjurtagarðurinn liggir í grasi gróinni brattri brekku, austurhlið í svonefndum Bökkum sem er í 40°halla á mótí austri. Stærðin á garðinum er um 50 x 40 m. |
| Lýsing: | Matjurtagarðurinn er grafinn inn í brekkuna og er um 50 x 40 m að umfangi. Hann skiptist í þrjú hólf. Þar sem eftsti stallarnir eru um 2 m ofan við mið stallinn og neðsti stallurinn er um 2.5 m neðan við hann. Veggir og hólf matjurtagarðsins eru mjög grasivaxnir. |
| Aðrar upplýsingar: | Að sögn heimildarmanns eru garðarnir gamlir, og |

fylgja e.t.v. aukningu búsetu á Hjalteyri, en fyrstu merki um hús á Hjalteyri séu frá um 1858. Byggð á Hjalteyri tekur þó ekki við sér fyrr en um 1890 - 1900 þegar síldin kemur, og svo aftur um 1940 - 1950. Langt er síðan garðarnir hafa verið í notkun, eftir því sem eldri menn á Hjalteyri hafa tjáð sig um.

Heimild: Jón Þór Benediktsson Ytri-Brekku Hjalteyri (2017)¹⁵



Mynd 2. horft niður yfir matjurtagarðinn til austurs.



Mæling 1. Matjurtagarðurinn.

Skráning 2008

¹⁵ Jón Þór Benediktsson 2017.

Ytri-Bakki

EY-072:055 gerði, kálgarður 65°50.980.N 18°11.956.V

Gamlir kálgarðar eru um 740 m NNA við Ytri-Bakka 001 og um 50 m NV við Möllershús 036.

Kálgarðarnir eru grafnir inn í brekku norðvestan við Hjalteyri í austurhlið Ásanna sem hallar um 40° í austur.

Á svæði sem er um 50 x 40 m stórt eru 3 manngerðir stallar sem grafnir hafa verið 0,5-3 m niður í brekkuna og snúa NNA-SSV. Þarna voru kálgarðar Hjalteyrar. Ekki er vitað hversu gamlir þeir eru. Stallarnir eru um 30-40 x 10 m að stærð. Efsti pallurinn er um 2 m ofan við mið stallinn og neðsti stallurinn er um 2,5 m neðan við hann. Stallarnir halla um 5-10° í austur og eru mjög grasigrónir. Hvorki sést til garðlaga eða matjurta.

Hættumat: engin hætta.



Mynd 3. Horft til suðurs að Landamerkjagarðinum sem er fyrir miðri mynd frá hægri til vinstri.

| | |
|--------------------|---|
| Hjalteyri | 1912 - 002 |
| Sérheiti: | Landamerkjagarður |
| Tegund: | Garðlag |
| Aldur: | 1900 |
| Isnet hnit: | X = 536603,33 Y = 595164.18 |
| Ástand: | Greinanlegar fornleifar |
| Hættumat: | Skógrækt |
| Hlutverk: | Landamerkjagarður |
| Staðhættir: | Garðurinn er um 75 m í noður frá húsinu Ási sem stendur nyrst við neðstu götuna á Hjalteyri fyrir ofan sléttlendið frá hafnarsvæðinu. Garðurinn liggur austur - |

Lýsing:

vestur í landinu og nær niður að Hjalteyrartjörn í austri en hverfur í skóglendið í vestur.

Garðurinn er um 45 m langur og liggur austur vestur í grasi grónu landinu þar sem platað hefur verið trjám sem vaxa upp hlíðina í vestur upp Ásana. Austurendi garðsins liggur niður að Hjalteyrartjörn þar sem mýrlendi liggur að tjarnabakkanum. Garðurinn er mjög grasivaxinn og sína þekur hann. Garðurinn er um 1.5 m á breidd og um 0.50 m á hæð, en að hluta til lægri.

Um 22 m í vestur eftir garðinum er L- laga garðlag sem liggur í norður frá honum. Þar er armurinn sem liggur í norður um 2 m, og armurinn sem liggur í austur frá honum um 3 m. Þetta garðlag er einnig mjög grasivaxið.

Veggjaþykkt um 1m, og veggjahæð um 0,50 m, Trjágróður er í og við garðinn, og ekki hægt að fylgja honum nema að hluta til í vesturs vegna þess hve trjágróðurinn hefur tekið yfir landið.

Við raðir girðingastaurar standa upp úr garðlaginu á stöku stað.

Aðrar upplýsingar: Garðlagið liggur á landamerkjum Ytri-Bakka og Arnarness.

Frá því að garðurinn var skráður í skráningu 2008, hefur trjágróður tekið yfir efrihluta hans (vestur). Í fyrri skráningu var hann mældur um 90 m, en nú er aðeins hægt að fylgja honum um 45 m inn að skóglendinu.

Skráning 2008:

EY-074:045 garðlag, landamerki 65°51.136.N 18°11.883.V Torfhlaðið garðlag er um 100 m sunnan við kálgarð 043 og um 1700 m ASA við Arnarnes 001. Garðlagið er í grasi gróinni brattri brekku sem hallar um 40° til austurs. Garðlagið er torfhlaðið, um 90 m á lengd, um 1,5 m á breidd og 0,4-0,6 m á hæð. Garðlagið liggur austur frá Hjalteyrartjörn í vestur upp á Ásana. Girðingastaurar standa upp úr garðlaginu hér og þar. Í austri hverfur garðlagið í mýri á tjarnabakkanum og í vestri hverfur það í þúfur þegar upp á Ásana er komið. Garðlagið er á merkjum Arnarneslands og Ytri-Bakkalands og er líklega landamerkjagarður þó að mögulegt sé að það hafi einungis verið hlaðið undir girðingu.
Hættumat: hætta, vegna skógræktar



Mynd 4. Horft til vesturs yfir garðlög Þórugarðs.

| | |
|---------------------------|--|
| Hjalteyri | 1912 - 003 |
| Sérheiti: | Þórugarður (Garður Þóru Stefánsdóttur) |
| Tegund: | Garðlag |
| Aldur: | 1930 |
| Isnet hnit: | X = 536615,14 Y = 595212,24 |
| Ástand: | Vel greinilegar fornleifar |
| Hættumat: | Skógrækt |
| Hlutverk: | Matjurtagarður |
| Staðhættir: | Matjurtagarðurinn er um 130 m í norður frá húsinu Ási sem stendur við neðstu götuna á Hjalteyri fyrir ofan sléttlendið að hafnarsvæðinu. |
| Lýsing: | Matjurtagarðurinn er um 11 x 10 m að stærð. Veggir garðsins eru mjög grasivaxnir og ekki hægt að merkja hleðslur, en hæð garðsins er um 0.40 - 0.80 m. Trjágróður vex utan í garðinum og innan hans, og einnig er trjágróður í veggjum garðsins. |
| Aðrar upplýsingar: | Þóra Stefánsdóttir, f. 11. mars 1891 í Fagraskógi, Arnarneshreppi, Eyjafirði, d. 3. júní 1981. Húsfreyja á Hjalteyri, systir Davíðs Stefánssonar skálds. |
| Heimild: | Í minningargrein um Stefaníu Þóru Árnadóttir (dóttur |

Þóru): MBL 15. nóvember 2000.¹⁶
Heimildamaður: Jón Þór Benediktsson 2017.



Mynd 5. Horft til vestur efir garðlaginu sem er fyrir miðri mynd neðst.

Hjalteyri 1912 - 004
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag (16)
Isnet hnit: X = 536609,14 Y= 595252,89
Ástand: Greinilegar fornleifar
Hættumat: Lítil hætta
Hætuorsök: Skógrækt
Staðhættir: Garðurinn er um 176 m í noður frá húsinu Ási sem stendur nyrst við neðstu götuna á Hjalteyri fyrir ofan sléttlendið frá hafnarsvæðinu. Garðbúturinn er um 3.5 m frá Hjalteyrartjörn í vestur.

Lýsing: Garðbúturinn er illgreinanlegur í landinu þar sem mjög grasivaxið er að honum og hann mjög grasivaxinn og ekki sést í hleðslur. Hann er er um 33 m langur, liggur í austur-vestur í landinu. Hæðin um 0.60 m. Hann hverfur síðan í trjágróður í vestur, en áætluð lengd hans gæti verið um 45 m þar sem hann hverfur í skógræktina.

Hjalteyri 1912 - 005
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag (16)
Isnet hnit: X = 536628,92 Y = 595319,76

¹⁶ MBL 15. nóvember 2000

Ástand: Greinilegar fornleifar
Hættumat: Lítil hætta
Hætuorsök: Skógrækt
Staðhættir: Garðurinn er um 242 m í noður frá húsinu Ási sem stendur nyrst við neðstu götuna á Hjalteyri fyrir ofan sléttlendið frá hafnarsvæðinu. Garðbúturinn er um 3.5 m frá Hjalteyrartjörn í vestur.
Lýsing: Garðbúturinn er illgreinanlegur í landinu þar sem mjög grasivaxið er að honum og hann mjög grasivaxinn og ekki sést í hleðslur, Hann er er um 5 m langur, liggur í suður norður. Hæðin um 0.60 m.

Aðrar upplýsingar:
Heimild:



Mynd 6. Horft til suðvesturs að garðlögunum sem eru fyrir miðri mynd, neðan við trén.

Hjalteyri 1912 - 006
Hlutverk: Óþekkt
Tegund: Garðlag (17)
Isnet hnit: X = 536604,29 Y = 595361,55
Ástand: Greinilegar fornleifar
Hættumat: Skógrækt
Staðhættir: Garðurinn er um 275 m í noður frá húsinu Ási sem stendur nyrst við neðstu götuna á Hjalteyri fyrir ofan sléttlendið frá hafnarsvæðinu. Garðarnir liggja frá vesturhlið Hjalteyrartjarnar um um 1-5 m frá vatnsborðinu.

Lýsing: Garðlagið samnastendur af fjórum garðbútum sem liggja austur vestur í grasivöxnu landinu frá Tjörninni. Garðbútarnir eru mjög grasivaxnir eins og landið í kringum þá þar sem einnig er nokkur trjágróður. Ekki sést í hleðslur í görðunum vegna gróðurs. Hæð garðana er um 0.50 m. Syðsti garðurinn (1) er um 17 m langur og er um 30 m frá þeim sem er nyrstur (4). Næsti er um (2) 11 m langur. Næsti er um (3) 23 m langur. Nyrsti garðurinn (4) er um 11 m langur..

Aðrar upplýsingar: Að sögn heimildarmanns er ekki vitað hvaða hlutverk þessar garðar hafa haft, eða hvenar þeir hafa verið gerðir.

Heimild: Jón Þór Benediktsson 2017.



Mynd 7. horft til suðurs eftir vegstæðinu í brekkunni að norðan.

Hjalteyri 1912- 007
Sérheiti:
Hlutverk: Leið
Tegund: Vegstæði
Aldur: 1930
Isnet hnit: X = 536537,83 Y = 595642,53
Ástand: Greinilegar fornleifar
Hættumat: Rask
Staðhættir: Frá norðurenda Hjalteyrartjarnar í um 55 m í norðvestur í grasigrónu landinu, og þá er um 33 m niður að sjónum

sem er á hægri hönd.
Vegurinn liggur í brekku í suður, ofan við Jónshúsabrekkur. Hægt er að fylgja vegslóðanum upp brekkuna upp á sléttelendi fyrir ofan túnin sem eru norðan við húsið Eyrarbakka þar sem hann hverfur í sléttað túnið. Um 28 m af veginum í austur eru fyrir utan deiliskupulagsmörkin. Og þar sem slóðin hvefur í túnið norðan við Eyrarbakka er hann einnig fyrir utan skipulagsmörkin.

Lýsing: Vegstæðið er grasivaxið og nokkuð vel afmarkað í brekkunni en verður óljósara eftir því sem ofar dregur í landinu og hverfur í sléttað túnið. Vegstæðið er um 4-5 m á breidd, ekki sést í hleðslur í hliðum slóðans, en í hliðum hans eru þó stöku steinar merkjanlegir innan um gras og mosa.

Aðrar upplýsingar: Heimildarmaður: Vegurinn lagður niður í Tjarnarhornið um 1930.

Heimild: Jón Þór Benediktsson 2017.



Mynd 8. Horft í norðnorðvestur yfir tóftina.

Hjalteyri **1912-008**
Sérheiti: Stinnabær
Hlutverk: Býli

Tegund: Tóft
Aldur: 1930-1960
Isnet hnit: X = 536438,55 Y = 595259.45
Ástand: Greinilegar fornleifar
Hættumat: Rask
Staðhættir: Stinnabær: Hvammsvegur sem liggur í norður frá Brekkuhúsahúsavegi að húsinu Hjalteyri og Eyrarbakka sem standa neðan vegar (austan), en á milli þeirra eru þrjú hús nr. 4, 3, og 2, Rétt við norðurhlið húss nr. 4 er tóftin, en milli húss og tóftar er smá lækur sem liggur meðfram suðurhlið tóftarinnar.

Lýsing: Landið í kringum tófina er nokkuð sléttað tún, sem er þó ekki í beinni notkun þar sem nokkur sina er í því. Tóftin er nokkuð vel afmörkuð, og veggir hennar um 1 m- 1.40 m á hæð. Inngangur er ekki greinanlegur en gróður hefur tekið yfir og torfveggir hennar mjög grasivaxnir og sina í þeim. Innri hluti hennar er illgreinanlegur vegna gróðurs, en þakið er fallið yfir inni rými hennar, þó má sjá timbur frá þaksperrum eða klæðingu ásamt báruárni standa upp úr gróðrinum. Stærð tóftarinnar er um 9 x 8 m stór og snýr norður-suður. Veggjabykkt um 1.5- 2 m.

Skráning 2008.

EY-074:044 *Stinnabær* tóft býli 65°51.140.N 18°12.122.V Stinnabær er um 35 m SA við timburhúsið á Eyrarbakka 025, um 1600 m SA við Arnarnes 001 og um 415 m norðan við Möllershús EY-072:034.

Á þessu svæði er þýft graslendi í brekku sem hallar 2-5° til austurs.

Stinnabæjartóft er um 9 x 8 m stór og snýr norður-suður.

Tóftin er torfhláðin og var viðargrind og bárujárn undir torfinu í þaki tóftarinnar en þakið er nú hrundið ofan í tóftina. Veggir tóftarinnar standa grónir, eru 1-2 m á hæð (um 1 m á hæð á suður, austur og vesturhlið og um 2 m á hæð á norðurhlið) og 1,5-2 m á breidd. Inngangur var á austurhlið tóftarinnar við norðausturhorn hennar. Torf var greinilega hlaðið utan um viðargrind sem þjónaði sem dyragætt sem er nú að falla saman. Ekki er ljóst hvert innanmál hennar hefur verið vegna hruns úr þaki en líklega hefur það verið um 4-5 m á breidd og um 5-6 m á lengd því veggir tóftarinnar eru um 1,5-2 m á breidd. Veggir tóftarinnar eru mjög grasigrónir

en þaktorfið er upphornað og brunnið af þurrki. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. **Stinnabær var byggður fyrir 1935** á undan timburhúsinu á Eyrabakka. Húsið var í byrjun þurrabúð fyrir fiskiútgerð frá Eyrarbakka en var seinna nýtt sem fjárhús samkvæmt Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmanni. Húsið hefur trúlega ekki verið mikið notað **síðan um 1960** en þá fór Eyrabakki í eyði. Hættumat: engin hætta



Mynd 9. Horft til norðurs yfir horfna bryggjustæðið.

| | |
|---------------------------|--|
| Hjalteyri | 1912 - 009 |
| Sérheiti: | Wallensplan |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X =536652.52 Y =594888.37 |
| Aldur: | Horfin 1918 |
| Ástand: | Ekki sést til fornleifa |
| Hættumat: | Engin hætta |
| Staðhættir: | Bryggjan hefur staðið þar sem er nú nyrðri hafnargarður Hjalteyrar. |
| Lýsing: | Ekkert sést til bryggjunnar |
| Aðrar upplýsingar: | Fornleifaskráning 2008: Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, tilheyrði bryggjan Wallenshúsi (029) og var uppbyggð af einu plani og einni álmu úr timbri sem lá út í sjó suður frá Hjalteyri. Bryggjunni var rutt í burt af hafis á leið út Eyjafjörð árið 1918: EY-072:050 . |
| Heimild: | <i>Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I</i> |

Elin Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)
Fornleifastofnun Íslands
FS377-06251 Reykjavík 2008.

EY-072:050 *Wallensplan* frásögn lending 65°50.939.N 18°11.845.V Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, lá timburbyggja út í sjó út frá Rauða húsinu 024 (til suðurs). Bryggjan var um 685 m NA við Ytri-Bakka 001 og um 15 m SA við Rauða húsið. Á þessu svæði er sendin fjara. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, tilheyrði bryggjan Wallenshúsi 029 og var uppbyggð af einu plani og einni álmu úr timbri sem lá út í sjó suður frá Hjalteyri. Bryggjunni var rutt í burt af hafis á leið út Eyjafjörð árið 1918. Ekkert sést til fornleifa.



Mynd 10. Horft til suðurs yfir bryggjustæðið.

| | |
|--------------------|---|
| Hjalteyri | 1912 - 010 |
| Sérheiti: | Ásgeirsbyggja |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X = 536675,56 Y = 594927,17 |
| Ástand: | EKKI sést til fornleifa |
| Aldur: | Horfin 1918 |
| Hættumat: | Engin hætta |
| Staðhættir: | Frá nyrðri hafnargarðinum er um 180 m í norður eftir sjávarkantinum að horfna bryggjustæðinu. |
| Lýsing: | Ekkert sést til bryggjunnar |

Aðrar upplýsingar:Fornleifaskráning 2008: Bryggjunni og planinu var rutt burt af hafis á leið út úr Eyjafirði árið 1918. EY-072:049.

Heimild: *Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I*
Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)
Fornleifastofnun Íslands
FS377-06251 Reykjavík 2008.

Skráning 2008: **EY-072:049** *Ásgeirsbryggja* frásögn lending 65°50.967.N 18°11.813.V Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, lá Ásgeirsbryggja út í sjó í suður út frá Gömlubúð 025 og um 750 m NA við Ytri-Bakka 001. Á þessu svæði er grýttur 1,5 m hár sjávarvarnargarður og sendin fjara á háfjöru. Bryggjan var uppbyggð af einu plani og lá ein álma út í sjó frá planinu. Bryggjunni og planinu var rutt burt af hafis á leið út úr Eyjafirði árið 1918. Ekkert sést til fornleifa.



Mynd 11. Horft til vesturs yfir horfna bryggjustæðið.

| | |
|--------------------|-------------------------------------|
| Hjalteyri | 1912 - 011 |
| Sérheiti: | Kveldúlfsbryggjur mannvirki lending |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X = 536778.96 Y = 595037.88 |
| Ástand: | Ekki sést til fornleifa |

Aldur: 1915
Hættumat: Engin hætta
Staðhættir: Kveldúlfsbryggjur stóðu rétt í eða við þar sem ný Kveldúlfsbryggja stendur núna.

Lýsing: Ekkert sést til bryggjana.

Aðrar upplýsingar: Heimildarmaður segir:

“Kveldúlfsbryggjurnar voru vöruútskipunarbryggjur Kveldúlfs, þær fóru smátt og smátt í niðurníðslu en aftakaveðri í janúar 2009 brotnuðu þær mjög illa og megnið af þeim hreinlega flaut upp í fjöru.”

Fornleifaskráning 2008: Samkvæmt Gunnari

Ragnarssyni og Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmönnum, var eitt stórt bryggjuplan á svæðinu á tímum Kveldúlfs hf. með þremur landgöngum, eða álmum (A), og um 75 m suðvestar í fjörunni beint suður af Péturshúsi 042 voru einnig tvær bryggjuálmur án plans (B). Aðeins eystri hluti (2/3) bryggjuplans Kveldúlfs er uppistandandi því búið er að rífa mannvirkin niður að mestu. Planið er 2-3,5 m á hæð, um 35 x 15 m stórt og snýr NA-SV. Planið er timburbyggt á timburstólpum en í mjög slæmu ásigkomulagi vegna ágangs sjávar og rotnunar timburs. Flestum timburbryggjum á Hjalteyri nema bryggjum Kveldúlfs var rutt í burt af hafis árið 1918. EY-072:038.

EY-072:038 *Kveldúlfsbryggjur* mannvirki lending 65°51.023.N 18°11.652.V Í grein eftir Jón Þór Benediktsson í Súlum segir: "Kveldúlfur var með saltfiskverkun á Hjalteyri frá 1912 ásamt síldarsöltun. [...] Kveldúlfur hf., útgerðarfyirtæki Thors Jensen og fjölskyldu, kom til Hjalteyrar árið 1913. [...] Var hafist handa strax og byggðar í skyndi bryggjur, söltunarpláss og verbúð [039]."

Bryggjuplanið er 10-15 m frá landi um 200 m ANA við Gamla hótelið 034 og um 880 m NA við Ytri-Bakka 001. Á þessu svæði er sendin fjara og sjór. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni og Jóhannesi Þ. Hermannssyni, heimildarmönnum, var eitt stórt bryggjuplan á svæðinu á tímum Kveldúlfs hf. með þremur landgöngum, eða álmum (A), og um 75 m suðvestar í fjörunni beint suður af Péturshúsi 042 voru einnig tvær bryggjuálmur án plans (B). Aðeins eystri hluti (2/3) bryggjuplans Kveldúlfs er uppistandandi því búið er að rífa mannvirkin niður að mestu. Planið er 2-3,5 m á hæð, um 35 x 15 m stórt og snýr NA-SV.

Planið er timburbyggt á timburstólpum en í mjög slæmu ásigkomulagi vegna ágangs sjávar og rotnunar timburs. Fiskur var saltaður á bryggjuplaninu og tunnurnar geymdar á malarplaninu á milli Kveldúlfskúrs 039 og bryggjanna. Trúlega var einnig saltað á planinu en það er þó ekki víst. Flestum timburbyggjum á Hjalteyri var rutt í burt af hafis árið 1918 nema bryggjum Kveldúlfs. **Hættumat:** hætta, vegna rofs **Heimildir:**Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súgur 2004, 101

EY-072:028 heimild um lendingu 18°11.626.N 65°51.031.V Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, voru Skotar með bryggjuálmum (einfalda bryggju) sem byggð var úr timbri. Varð hún seinna **ysta álma Kveldúlfsbryggju 038**.

Bryggjan var um 890 m NNA við Ytri-Bakka 001 og í fjörunni 20-30 m SV við Pöntunarhúsið 030. Á þessu svæði er sléttað malarplan og sendin fjara. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

EY-072:032 heimild um lendingu 65°51.006.N 18°11.768.V "Þorsteinn á Lóni útvegaði Friðriki árið 1861 jörðina Ytri Bakka til leigu en sú jörð var þá í eigu Möðruvallaklausturs. Þar með var Friðrik kominn með aðstöðu fyrir skútuna á Hjalteyri og reisti hann þar lifrabræðslu [031], bryggjur og fleira," segir í grein eftir Jón Þór Benediktsson í tímaritinu Súgur. Allar fornleifar tengdar lifrabræðslu Friðriks eru nú löngu horfnar en Gunnar Ragnarsson, heimildarmaður, telur líklegast að byggingar hans hafi verið um miðja Eyrina þar sem **Kveldúlfsbryggjurnar 038** risu seinna um 820 m NNA við Ytri-Bakka 001. Á þessu svæði er sléttað malarplan. Bryggja Friðriks var skotbryggja sem ekki var föst á stöplum í sjávarbotninum. Var bryggjan dregin á land á vetrum. Ekkert sést til fornleifa. **Heimildir:**Jón Þór Benediktsson: Hjalteyri - Sjávarþorp við Eyjafjörð, Súgur 2004, 95

Heimild:

Heimildarmaður: Jón Þór Benediktsson 2017.

Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar)

Fornleifastofnun Íslands

FS377-06251 Reykjavík 2008.



Mynd12. Horft til vesturs yfir horfna Kranabryggjunna.,

| | |
|--------------------|--|
| Hjalteyri | 1912 - 012 |
| Sérheiti: | Kranabryggja |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X = 536885,16 Y = 595118.90 n |
| Aldur: | 1937 |
| Ástand: | Ekki sést til fornleifa |
| Hættumat: | Engin hættu |
| Staðhættir: | Kranabryggjan var allt að því beint út frá suðvesturhorni verksmiðjubyggingar við sjávarbakkann. |
| Lýsing: | Ekki sést til bryggjunnar Aðrar upplýsingar: Kranabryggjan var byggð vor og sumar 1937. Hún var beint suður af verksmiðjunni sjálfri. Kranabryggja hét svo út af löndunarkrönunum sem voru settir á hana. Bryggjan brotnaði og kranarnir féllu í sjóinn árið 1982. |
| Heimild: | Jón Þór Benediktsson 2017. |



Mynd 13. Horft til suðurs yfir horfna bryggjustæðið.

| | |
|---------------------------|--|
| Hjalteyri | 1912 - 013 |
| Sérheiti: | Pálsbryggja |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X = 536941,10 Y = 595157.95 |
| Aldur: | Horfin 1918 |
| Ástand: | Ekki sést til fornleifa |
| Hættumat: | Engin hætta |
| Staðhættir: | Bryggjan hefur staðið um 30 m í vestur frá suðurodda Hjalteyrarodda. |
| Lýsing: | Ekkert sést til bryggjunnar |
| Aðrar upplýsingar: | Fornleifaskráning: 2008: Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, snéri bryggjan N-S og lá út úr Eyrinni rétt sunnan við tangann, fram undan Syðri Odda 044. Bryggjan var úr timbri og samsett af einu plani og einni álmu. Bryggjunni var rutt í burt af hafís á leið inn Eyjafjörð árið 1918. EY: 072 051 |
| Heimild: | <i>Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I</i> Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar) Fornleifastofnun Íslands FS377-06251 Reykjavík 2008. |

Skráning 2008. **EY-072:051** *Pálsbryggja* frásögn lending 65°51.085.N
18°11.449.V

Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, var Pálsbryggja um 390 m ANA við Gamla hótelið 034 og um 1000 m NA við Ytri-Bakka 001. Á þessu svæði er sendin fjara. Samkvæmt Gunnari Ragnarssyni, heimildarmanni, snéri bryggjan N-S og lá út úr Eyrinni rétt sunnan við tangann, fram undan Syðri Odda 044. Bryggjan var úr timbri og samsett af einu plani og einni álmu. Bryggjunni var rutt í burt af hafís á leið inn Eyjafjörð árið 1918. Ekkert sést til fornleifa.



Mynd 14. Horft til norðurs yfir horfna bryggjustæðið.

| | |
|---------------------------|---|
| Hjalteyri | 1912 – 014 |
| Sérheiti: | Jónshúsbyggjur |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X = 536826,64 Y = 595442,08 |
| Ástand: | Ekki sést til fornleifa |
| Hættumat: | Engin hætta |
| Aldur: | 1918 og eftir það endurbyggðar |
| Staðhættir: | Bryggjustæðið hefur verið um 230 m frá Hjalteyrarodda í norður eftir Grandanum |
| Lýsing: | Ekki sést til bryggjunnar |
| Aðrar upplýsingar: | Heimildarmaður: "Jónshúsið var byggt á miðjum Grandanum og framan af því voru byggjur sem sást móta fyrir þegar ég var krakki. Það var eign Jóns Antonssonar og |

síðar Þóru og Árna sem bjuggu í Jónshúsinu. Megnið af þeim var þó farið um stríðið 1940 en eitthvað af þeim var þó áfram eins og ég man eftir.

Jónshúsbyggjur:

Húsaskráning 2017:

Jón Antonsson og Guðlaug Sveinsdóttir kona hans fyrrum eigendur og bændur í Arnarnesi, seldu Arnarnes árið 1903 að undanskildum þeim hluta af Hjalteyri sem tilheyrði jörðinni. Þau fluttu þá um vorið til Hjalteyrar og byggðu á „Grandanum“ stórt veglegt íbúðarhús með steinlímdu kjallara. Það varð ekki eina húsið sem Jón kom að byggingu að á Hjalteyri, auk húsa sem hann byggði fyrir sjávarútveg sinn og jarðrækt. Einnig stundaði hann skipa og bátasmíðar á vetrum eftir að þau komu til Hjalteyrar. Hann stundaði jarðrækt bæði á „Grandanum“ sjálfum sem þá var allmikið stærri en hann er í dag, sem og í brekkunum ofan við „Tjörnina“. Í fasteignamatsskrá fyrir Arnarneshrepp frá árinu 1917 er eignin Ytri-Hjalteyri fasteignanúmer 281 lýst á þennan hátt: Ytri-Hjalteyri, eigandi og ábúandi Jón Antonsson jörðin er talin 3 hundruðir að dýrleika, byggð úr landi jarðarinnar nr 279 (Arnarnes). Skattanefnd metur afgangið um 100 kr. Landamerki eru ákveðin og ágreiningslaus. Lýsing jarðarinnar er á þessa leið; Tún í allgóðri rækt, sléttað og girt, stærð; 0.96 ha. Töðufall 20 – 30 hestar. Sáðreitir, stærð 530 fermetrar uppskera um 700 kg. Engjar naumast teljandi heyfall 20 hestar. Búfjárhagar eru engir, fjörubeit dálítil – útræði reytungslegt. Jörðin liggur rétt við verslunarstað. Land jarðarinnar er aðallega notað til sjávarútvegs, og hefur jörðin nú sem stendur tekjur af leigðum lóðum, c.a 1000 kr. Hús: Íbúðarhús úr timbri 28 x 10 álnir (17,5 x 6,2 m) tvílyft með jarnþaki. Kjallari undir hálfu húsinu. Geymsluhús úr timbri 9 x 7 álnir (5,8 x 4,3 m) með áföstum skúr. Fiskhús, vindmylla, fjós yfir tvær kýr, fjárhús, tvær hlöður úr timbri yfir 120 hesta, haughús. Jarðabætur s.l 10 ár: tún sléttað, sáðreitir og girðing. Samkvæmt þessu er jörðin metin; Jörðin sjálf kr 13.000, Hús og jarðabætur 11500 kr og 500 kr. Alls kr 25.000. bls. 155 Heimildarmaður: Jón Þór Benediktsson (2017) og höfundur að Húsakönnun á Hjalteyri 2017.

Heimild:



Mynd 15. Horft til norðurs yfir horfna bryggjustæðið.

| | |
|---------------------------|--|
| Hjalteyri | 1912 - 015 |
| Sérheiti: | Thorsteinsbryggjur |
| Hlutverk: | Bryggja |
| Tegund: | Heimild |
| Isnet hnit: | X = 536714,96 Y = 595534.94 |
| Aldur: | Horfin 1918 |
| Ástand: | Ekki sést til fornleifa |
| Hættumat: | Engin hætta |
| Staðhættir: | Bryggjustæðið hefur verið um 430 m frá Hjalteyrarodda í norður eftir Grandanum. |
| Lýsing: | Ekkert sést til bryggjunnar |
| Aðrar upplýsingar: | Húsaskráning Hjalteyri 2017: H/f Bragi Thorsteinsson og Co. Reykjavík, byggði hús yst á Grandanum 1916. Þetta fyrirtæki ætlaði sér stóra hluti á Hjalteyri og voru reistar miklar bryggjur og söltuð þarna síld. Árið 1918 kom hafís inn Eyjafjörð og braut niður allar bryggjur þeirra. Bls. 136 |
| Heimild: | Jón Þór Benediktsson, Ytri-Bakka Húsakönnun á Hjalteyri 2017. |

NIÐURSTÖÐUR

Hafa ber í huga ákvæði laga um menningarminjar um áður óþekktar fornleifar með tilvísun í VI. KAFLA, Verndun og varðveisla fornminja. 24 grein segir svo: **“Áður ókunnar fornminjar.**

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands. Minjastofnun Íslands er heimilt að stöðva framkvæmdir í allt að fimm virka daga meðan rannsókn fer fram hafi stofnunin rökstuddan grun um að fornminjar muni skaðast vegna framkvæmda. Verði ekki orðið við fyrirmælum stofnunarinnar um stöðvun framkvæmda er henni heimilt að leita atbeina lögreglu ef með þarf til að framfylgja þeim og beita dagektum í því skyni, sbr. 55. gr.”⁵

5 Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.¹⁷

Skráðar voru 15 minjar á fyrirhugðu deiliskipulgssvæð.

Í lýsingu deiliskipulagssins segir:

“Skipulagssvæðið nær frá sjávarmáli og upp í 75 m.y.s. Landslagið markast af 15 til 30 m hárrí brattri brekku. Undir brekkunni skagar flatlend eyri út í fjörðinn en á henni er tjörn innan við malargranda. Í brekkurótinni og á eyrinni standa elstu húsin í þorpinu en uppi á brekkunni er byggð frá miðbiki síðustu aldar. Utar á eyrinni er gamla síldarverksmiðjan, byggð 1937.”

Í deiliskipulaginu eru afmarkaðar lóðir fyrir nýbyggingar innan svæðisins, þá eru eldri lóðir íbúðarhúsa innan þessa svæðis einnig afmarkaðar. Gert ráð fyrir tveimur fuglaskoðunarhúsum vestan við Hjalteyrartjörn um 3-4 m frá vatnsborðinu.

¹⁷ Heimasíða Alþingis .Menningarminjar *Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög)*.

Byggðin á Hjalteyri er talin vera frá um 1850. En byggð á Hjalteyri tekur þó ekki við sér fyrr en um 1890 - 1900, þegar síldin kemur, og svo aftur um 1940 - 1950. Hjalteyri er byggð úr landi Ytri-Bakka í suður og Arnarnesi í norður.

Garðlög eru nokkur á skráningarsvæðinu.

Má þar telja stóran matjurtagarð (1912-001) sem hefur verið grafinn út úr brekkunni í miklum halla fyrir ofan húsin sem standa neðst á Hjalteyrinni. Þá er Þórugarður (1912-003) sem einnig er matjurtagarður, Hann er vestan við Hjalteyrartjörn rétt ofan við vatnsborðið. Garðlögin eru kringum hann eru mjög grasivaxin og mikil sina í þeim. Þá hefur trjám verið plantað í og við hann.

Landamerkjagarður (1912-002) á mörkum milli Ytri-Bakka og Arnarnes. Garðurinn liggur austur-vestur í landinu upp frá suðurhluta Hjalteyrartjarnar í vestur. Landamerkjagarðurinn hefur einnig þjónað sem undirhleðslugarður. Sjá má girðingastaura með vírflækjum standa upp úr honum á stöku stað. Frá því að garðurinn var skráður í fyrri skráningu 2008, hefur trjágróður tekið yfir efrihluta hans (vestur). Í fyrri skráningu var hann mældur um 90 m, en nú er aðeins hægt að fylgja honum um 45 m inn að skóglendinu.

Þá er óskilgreint garðlag um 33 m langt (1912-004) sem liggur austur-vestur í landinu, rétt ofan við miðbik Hjalteyrartjarnar. Garðurinn er mjög grasivaxinn og trjágróður liggur að hliðum hans. Frá þessum 33 m í austri til vesturs, gæti verið að um 45 m af garðlaginu hafi legið áfram til vesturs, en það er vart rekjanlegt fyrir skógræktinni sem hefur tekið yfir landið fyrir ofan tjörnina.

Garðbútur (1912-005) sem er um 5 m langur og liggur norður-suður í landinu. Garðbúturinn er illgreinanlegur þar sem mjög grasivaxið er að honum og að honum liggur sina og annar gróður.

Fjórir garðbútar/garðlög (1912-006) sem liggja nokkuð þétt saman í austur-vestur í landinu. Ekki er greinanlegt hvaða hlutverki þeir hafa haft. Þeir eru mjög grasivaxnir og sina í þeim og í landinu í kringum þá.

Stærð garðana:

- Syðsti garðurinn um 17 m langur
- Næsti er um 11 m langur
- Næsti er um 23 m langur
- Nyrsti garðurinn er um 11 m langur.

Vegstæðið (1912-007) er vegurinn sem var lagður niður á Hjalteyri um 1930. Vegstæðið er nokkuð vel afmarkað við austurhluta þess þar sem það liggur um 30 metra frá sjávarmálinu. Vegurinn liggur þar upp brekku í landinu og er hægt

að fylgja honum í gegnum landið í tún sem liggur norðan við húsið Eyrarbakka, þar hverfur hann í sléttað túnið, en þar liggur hann út fyrir skipulagsmörkin.

Stinnabær (1912-008). Er tóft frá býli sem reist var um 1935, og yfirgefið um 1960. Tóftin liggur á mörkum deiliskipulagssvæðisins og er í landi Arnaness.

Á árunum í kringum 1900 eykst byggð á Hjalteyri þar sem þá hefst mikil síldarvinnsla á staðnum. Við það hefst mikil uppbygging við bryggjugarð meðfram strandlengjunni. Bryggjurnar voru reistar frá Hjalteyrartanga í norður og í suður og í suðvestur, að byggðinni.

En frostavetruinn 1918 ruddi hafísinn flestum af þessum bryggjum í burtu, og þær hurfu, en Jónshúsabryggja var endurbyggð og mátti sjá leifar af henni fram til 1940.

Þessar bryggjur voru:

- Wallensplan (1912 – 009),
- Ásgeirsbryggja (1912-010),
- Pálsbryggja (1912 -013)
- Jónshúsabryggjur (1912 – 014)
- Thorsteinsbryggjur (1912 – 015)

Bryggjurnar sem stóðu þetta áhlaup hafísins voru

Kveldúlsbryggjur (1912-011). Í fornleifaskráningu 2008 segir heimildarmaður að aðeins eystri hluti (2/3) bryggjuplans Kveldúlfs sé uppistandandi því búið sé að rífa mannvirkin niður að mestu. Planið er 2-3,5 m á hæð, um 35 x 15 m stórt og snýr NA-SV. Planið er timburbyggt á timburstólpum en í mjög slæmu ásigkomulagi vegna ágangs sjávar og rotnunar timburs.

Heimildarmaður 2017: “ En Í janúar 2009 brotnuðu þær mjög illa og megnið af þeim hreinlega flaut upp í fjöru.”

Kranabryggja (1912 – 012) Var byggð um 1937. Bryggjan brotnaði og kranarnir féllu í sjóinn árið 1982.

SAMANTEKT Á NIÐURSTÖÐUM.

Lög um menningarminjar.

29. gr. *Friðuð mannvirki.*

Öll hús og mannvirki sem eru 100 ára eða eldri eru friðuð.

Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.¹⁸

Garðlögin sem eru í skráningu hafa það sameiginlegt að hafa ekki verið hlaðin úr grjóti, heldur er torf notað sem hleðsluefni eða jarðvegi verið mokað upp í garð. Það kemur e.t.v. til af því að lítið grjót er í jarðveginum við Hjalteyri, og efnið sem er aðgengilegt kemur í staðinn.

Í skráningunni voru skráðar horfnar bryggjur sem hurfu flestar vegna hafíssins sem lagðist að landinu 1918.

Á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði eru fjögur garðlög, sem eru fyrir vestan Hjalteyrartjörn.

Þá eru tveir matjurtagarðar. Annar fyrir vestan Hjalteyrartjörn, og hinn ofan við húsaröð sem er undir brekkunni sem er ofan við hafnarsvæði Hjalteyrar.

Þá er tóft sem liggur á mörkum skipulagssvæðisins fyrir norðan nyrsta hús við Hvammsveg 4.

Vegstæði liggur ofan við nyrðri enda Hjalteyrartjarnar en hverfur sléttað túnið á Eyrarbakka.

Heimildir eru um 5 bryggjustæði sem brotnuðu niður vegna hafíssins sem lagðist að landinu 1918.

Einnig heimild um bryggju sem stóð af sér hafísinn er hvarf síðan alveg um 2009.

Þá er heimild um kranabryggju sem reist var 1937 en sökk við hafnarbakkann 1982.

Merkjagarður (1912-002). Merkjagarðurinn liggur á mörkum Ytri-Bakka að sunnan og Arnarness að norðan. Vestan við Hjalteyrartjörn nálægt suðurhluta hennar.

Garðurinn liggur austur-vestur í landinu. Garðurinn og umhverfi hans er grasivaxið og þakið sinu. Hann er vel sýnilegur þar til trjárækt tekur yfir vesturhluta hans, en þá hverfur hann í trén. Samkvæmt skráningu 2008 er hann skráður 90 m, en núna eru um 45 m sem hægt er að fylgja honum í landinu í vestur.

Merkjagarður/undirhleðslugarður. Í garðlagið hefur á einhverjum tíman verið settir niður girðingatréstar sem standa enn á stöku stað upp úr honum.

¹⁸Lög um menningarminjar.VII. KAFLI Verndun og varðveisla húsa og mannvirkja. 29. gr.

Samkvæmt skipulaginu er ekki áætlað rask í eða við garðinn svo hann er ekki í hættu. En taka verður tillit til hans sem merkjagarðar frá þeim tíma sem merkin milli bæja þurftu að vera sýnileg í landinu.

Garðlög sem (1912-004, 1912-005, 1912-006).

Gaðlögin eru vestan Hjalteyrartjarnar. Þau eru ekki skilgreind eftir hlutverki, þar sem það ekki sýnilegt eða heimildir um hvaða hlutverk þau höfðu, eða hvenær þeir hafa verið gerðir. En garðarnir hafa verið gerðir af mannvöldum, og hafa haft einhvern tilgang.

Matjurtagarður (1912-001) er fyrir ofan húsaröð neðst og nyrst á Hjalteyrinni, sem liggur út að Hjalteyrartjörn.

Í deiliskipulaginu eru lóðamörk húsanna austan við garðinn í um 3-4 m fjarlægð ofan við þau. Garðurinn er því ekki í beinni hættu nema ef til einhvers jarðrasks muni koma. Það gæti samt staðið í vegi fyrir raski hvað garðurinn liggur í miklum bratta í landinu. Þá ætti að forðast að trjárækt yrði leyfð í eða við garðinn. En að honum liggur nú skeifulaga gróðurbelti, og einstaka tré er innan um garðlögin.

Matjurtagarður Þórugarður (1912-003). Hann er vestan við Hjalteyrartjörn rétt ofan við vatnsborðið. Garðlögin í kringum hann eru mjög grasivaxin og mikil sina í þeim. Þá hefur trjám verið plantað. Garðurinn liggur á svæði meðfram vesturhlið Hjalteyrartjarnar. Garðurinn er áætlaður vera frá því um 1930 og er því ekki skilgrindur sem fornleif þar sem viðmiðið er við 100 ára aldur.

Tóft, Stinnabær(1912-008) liggur á mörkum skipulagssvæðisins rétt norðan við byggingarreit nyrsta hússins við Hvammsveg 4. Tóftin/Stinnabær var byggð um 1930 og var þá býli, og var búið í því til um 1960. Þessi tóft er ekki skilgreind sem fornleif samkvæmt minjalögum þar sem er miðað við 100 ára aldur viðkomandi minja. Í deiliskipulaginu liggja nyrðri lóðamörk Hammsvegar 4 að deiliskipulagsmörkunum og á þeim er tóftin. Hún er ekki í hættu, nema komi til jarðrasks á svæðinu.

Vegstæði (1912-007). Vegurinn var lagður 1930 niður á Hjalteyri. En aukin umsvif á Hjalteyri hafa kallað á betri samgöngur við staðinn.

Vegurinn/slóðinn er nokkuð vel sýnilegur vestan og norðan við Hjalteyrartjörn þar hann liggur í nokkrum bratta upp landið, og hægt er að fylgja honum í sléttuð túnin fyrir norðan Eyrarbakka.

Samkvæmt skipulaginu er vegstæðið eins og hægt er að fylgja því ekki í hættu. og vegurinn ekki skilgreindur sem fornleif þar sem viðmiðið er við 100 ára aldur.

Heimildir er um 5 bryggjustæði (**1912-009.1912-010, 1912-013. 1912-014, 1912-015**) sem brotnuðu niður vegna hafíssins sem lagðist að landinu 1918. Bryggjurnar voru staðsettar sunnan og suðaustan við sjávarmálið við byggðina á Hjalteyrinni, og austan í Grandanum.

Ekkert sést af þessum horfnum bryggjum. En nú hefur verið hlaðin varnargarður meðfram Grandanum, en áður gekk sjór oft yfir hann. Við höfnina eins og hún er í dag er fjöruborðið mjög breytt frá því að hafísinn lagðist að landinu 1918.

Eina bryggjan sem stóð af sér hafísinn var **Kveldúlfsbryggja (1912-011)**. Bryggjan stóð fram til 2009. Nú hafa verið reistar nýjar bryggjur u.þ.b. á sama stað.

Kranabryggja (1912-012) var reist um 1937 og stóð til um 1982 þegar hún steiptist fram í sjóinn.

Kranabryggjan telst ekki til fornleifa sökum aldurs, en rétt þótt að geta um hana hér í samræmi við aðrar horfnar bryggjur sem hafa staðið á Hjalteyri.

Það sem hefur komið fram við skráninguna sem vert er að taka fram er *Matjurtagarðurinn* sem er í brekkunni ofan við byggðina og *Landamerkjagarðurinn* vestan við Hjalteyrartjörn, sem ekki aldursgreindur nákvæmlega, en gæti verið eldri eða yngri en 1900.

Samkvæmt deiliskipulaginu eru þessar tvær minjar ekki í beinni hættu eins og skipulagið segir til um, en geta verið í hættu vegna gróðurs og rasks.

Samkvæmt skipulaginu er áætlað að setja niður fuglaskoðunarhús nálægt vatnsbakkanum vestan Hjalteyrartjarnar. Á því svæði eru nokkur garðlög sem liggja að vatninu, m.a. Merkjagarðurinn. Þótt garðarnir séu ekki allir aldursgreindir þá er ástæða til að taka tillit til þeirra við staðsetningar húsanna, en viðmiðunarmörk frá minjum (ekki friðlýstum) vegna skilgreinsts rasks eru um 20 m.

UPPDRÆTTIR



Kort 1. Afmörkun deiliskipulagssvæðisins.



Kort 2. Skráðar minjar 2018.

HEIMILDASKRÁ:

Íslenzkt fornbréfasafn I-IX Kaupmannahöfn –Reykjavík 1857-1972

DI IV, 427-428

DI IV, 464-465

DI V, 290

Elín Ósk Hreiðarsdóttir og Þóra Pétursdóttir (ritstjórar) 2008

Fornleifaskráning í Arnarneshreppi I

Höfundar efnis Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Orri Vésteinsson Sólveig

Guðmundsdóttir Beck, Stefán Ólafsson og Þóra Pétursdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS377-06251 Reykjavík 2008

ÍF I, 254-255, 157.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns JÁM X, bls.123

J. Johnsen Jarðatal 1847. Bls. 288

Jón Þór Benediktson 2006 Munnlegar heimildir JÞB, 2006.

Morgunblaðið. Minningargrein 15. nóvember 2000

Teiknistofa Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Arkitektar faí,

Túnakort 1917

Þingskjal 1610, 140. löggjafarþing 316. mál: menningarminjar (heildarlög).1

Lög nr. 80 29. júní 2012.2

Heimildarmaður:

Jón Þór Benediktsson, Ytri-Bakka. (2017)

Kortagerð:

Teiknistofa Arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. Arkitektar faí,

Myndir á forsíðu.

Efsta mynd:

Horft í austur yfir Hjalteyrartjörn að byggingum síldarverksmiðjunnar.

Mynd til vinstri:

Horft til vesturs að matjurtagarði (1912-001).

Mynd til hægri:

Horft til suðurs eftir veglóðanum (1912-007).